

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2025 máli nr. 7/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 24. janúar 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að bifreið sem hún festi kaup á af varnaraðila hafi verið gölluð við kaupin og krefst þess að varnaraðili greiði henni 100.000 krónur vegna dekkjakaupa. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 26. mars 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 9. apríl 2025. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust 22. apríl 2025. Engar frekari athugasemdir bárust frá seljanda.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, kaupsamningur, dags. 11. september 2024, staðfesting á greiðslu, staðfesting á endurgreiðslu varnaraðila til sóknaraðila, dags. 7. október 2024, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, þrjár ljósmyndir sóknaraðila af dekkjum bifreiðarinnar og reikningar vegna dekkjakaupa, dags. 4. október og 17. desember 2024 og umboð, dags. 25. mars 2025

Með bréfi, dags. 8. september 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili festi kaup á bifreiðinni [...], árgerð 2019, ekna 46.696 km, af varnaraðila þann 11. september 2024, fyrir 2.750.000 krónur.

Að sögn sóknaraðila kom í ljós þegar hún hugðist setja vetrardekk undir bifreiðina í október 2024 að öll dekk hennar væru ónýt. Þar sem slitin hafi einkum verið innanvert á dekkjunum hafi verið ómögulegt fyrir hana að sjá hvert ástand þeirra var við kaupin. Að mati sóknaraðila hefði aðeins verið unnt að sjá það ef dekkinn hefðu verið tekin undan bifreiðinni. Þá vísar sóknaraðili til þess að hvorki hafi verið tekið fram í kaupsamningi aðila og afsali um bifreiðina að dekkinn væru léleg né hafi það komið fram í samtölum aðila í aðdraganda kaupanna. Kveðst sóknaraðili hafa borið ástand dekkjanna undir varnaraðila en fengið þau svör frá að hann hefði þegar slegið af söluverði bifreiðarinnar við kaupin sökum ýmissa annmarka á henni sem og endurgreitt hluta kaupverðs vegna þeirra. Yrði því ekki fallist á frekari endurgreiðslu. Þá hafi varnaraðili vísað til skoðunarskyldu sóknaraðila við kaupin í þessu sambandi. Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla við

kaupin og krefst þess að varnaraðili greiði henni 100.000 krónur vegna kaupa á nýjum dekkjum undir bifreiðina.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi verið upplýst við kaupin að bifreiðin væri ekki í fullkomnu ástandi og að dekkinn væru ekki góð. Hafi verið þörf á að skipta um dempara á bifreiðinni, gorma að framanverðu, tengi og eldsneytislok. Hafi varnaraðili því lækkað söluverð bifreiðarinnar um nokkur hundruð þúsund krónur eða niður í 2.750.00 krónur. Þá vísar varnaraðili til þess málsaðilar hafi síðar gert með sér samkomulag um endurgreiðslu til handa sóknaraðila að fjárhæð 50.000 krónur vegna bilaðs bíllykils. Hafi endurgreiðslan verið framkvæmd þann 7. október 2024. Telur varnaraðili að þá þegar hafi uppgjör vegna annmarka á bifreiðinni að fullu átt sér stað. Nokkrum dögum síðar hafi sóknaraðili hins vegar kvartað undan sömu annmörkum og að framan greinir og krafist frekari bóta þrátt fyrir lækkun á verði bifreiðarinnar og samkomulags aðila um endurgreiðslu vegna bíllykils.

Varnaraðili byggir jafnframt á því að bifreiðin hafi ekki verið haldin leyndum galla við kaupin. Vísar varnaraðili til þess að dekk bifreiðarinnar, hvort heldur að innan- eða utanverðu hafi sannanlega verið aðgengileg sóknaraðila við kaupin. Til þess hefði hún aðeins þurft að krjúpa á hné og skoða dekkinn í kjölfar þess að hjólum bifreiðarinnar sé snúið með stýrinu eins langt í aðra hvora áttina og unnt sé. Þá vísar varnaraðili til þess að kaupendur séu ávallt upplýstir um þann valkost að láta ástandsskoða bifreiðar fyrir kaup. Í þessu sambandi kveðst varnaraðili vísa til ákvæðis í kaupsamningi og afsali bifreiðarinnar þar sem sóknaraðili hafi staðfest að hún geri sér grein fyrir skoðunarskyldu sinni og að hún hafi haft möguleika á að ástandsskoða bifreiðina fyrir kaupin. Það hafi sóknaraðili hins vegar kosið að láta ekki gera.

Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi aðeins lagt fram þrjár ljósmyndir af hinum umþrættu dekkjum. Að mati varnaraðila sé erfitt að átta sig af þeim hvaða dekk sé um að ræða eða hvort um ljósmyndirnar sýni eitt og sama dekkið. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi í engu sýnt fram á galla allra dekkjanna með framlögðum ljósmyndum. Loks vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili krefst þess í kvörtun sinni að varnaraðili greiði honum fyrir ný dekk í stað þeirra sem voru undir bifreiðinni, sem óumdeilanlega hafi ekki verið ný. Fari svo að kærunefndin fallist á að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin vegna dekkjanna kveðst varnaraðili mótmæla því að greiða að fullu fyrir ný dekk og vísar í því sambandi til almennra reglna þess efnis að gamalt og lúið eigi ekki að fást bætt með nýju.

IV

Lagaumhverfi

Um kaupin gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;*
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“*

Í b- og c-lið 1. mgr. 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megji ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni [...], árgerð 2019, með fastanúmerið [...], þann 11. september 2024, af varnaraðila fyrir 2.750.000 krónur. Varnaraðili er fyrirtæki í atvinnurekstri og gilda því um viðskipti aðila lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í ástandsyfirlýsingu seljanda með kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðina er eftirfarandi tiltekið að: „[a]nnað sem ástæða þykir að taka fram um ástand ökutækisins eða ekki kemur fram við venjulega skoðun. Kaupandi gerir sér grein fyrir skoðunarskyldu sinni og hafði möguleika á því að ástandsskoða ökutækið fyrir kaup. Bank að framan sem seljandi veit ekki hvað veldur, kaupandi kaupir bílinn þannig. 2 lykjar, annar virkar ekki, líklega rafmagnslaus“. Þá kemur fram í kaupsamningi og afsali að: „[ö]kutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum“.

Kærunefndin telur ekki sýnt fram á það í málinu að varnaraðili hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann þekkti til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin vandséð að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. enda liggja engin skrifleg gögn fyrir um hvers eðlis upplýsingagjöf varnaraðila var í aðdraganda sölunnar. Einnig er til þess að líta að ákvæði c-liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl. gerir þá kröfu, til þess að galli teljist vera til staðar, að rangar upplýsingar um söluhlut hafi orðið til þess að kaup áttu sér stað, á röngum forsendum. Miðað við öll atvik málsins getur kærunefndin ekki fallist á að sóknaraðili hafi sýnt fram á að rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar hafi haft afgerandi áhrif á að kaupin áttu sér stað.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð eða atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Um fimm ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið um 47.000 þúsund km við kaupin. Óumdeilt er að tilteknir ágallar voru á bifreiðinni fyrir kaupin líkt og að framan greinir og fram kemur í kaupsamningi aðila um bifreiðina. Kveðst

varnaraðili hafa sökum þess veitt sóknaraðila töluverðan afslátt af kaupverði hennar. Í máli þessu kvartar sóknaraðili hins vegar undan slælegu ástandi dekkja bifreiðarinnar og telur að sökum þess megi líta svo á að bifreiðin verið haldin galla við kaupin.

Kærunefndin álitur að sá annmarki sem sóknaraðili telur vera á dekkjum bifreiðarinnar sé þess eðlis að hún hafi mátt verða hans var við skoðun á bifreiðinni áður en kaupin fóru fram. Þá gáfu upplýsingar varnaraðila um ástand bifreiðarinnar í ástandslýsingu seljanda, sem og kaupsamningi og afsali um bifreiðina, sóknaraðila sérstakt tilefni til að skoða hana ítarlega og jafnvel fara með hana í ástandsskoðun áður en hún festi kaup á henni. Þá kemur sérstaklega fram í framangreindum skjölum að sóknaraðili staðfestir að varnaraðili hafi vakið athygli hennar á því að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar. Þykir einsýnt að ástand dekkjanna hefði verið leitt í ljós með ástandsskoðun þriðja aðila.

Af framangreindu getur nefndin ekki fallist á það að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin enda hafi ástand hennar ekki verið verra við kaupin en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson